

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu við Lækjargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 12. mars 2023

Efni: Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um útlendinga

Tilvísun: Nr.S-59/2023

Northstack, eini sérhæfði og óháði greiningaraðilinn í málefnum nýsköpunar og tæknifyrirtækja á Íslandi, lýsir yfir mikilli ánægju með áform stjórnvalda um að einfalda, samhæfa og auka réttindi og möguleika erlendra sérfræðinga utan EES til þátttöku í íslensku atvinnulífi.

Umsögn þessi er byggð á þeirri vinnu sem Northstack hefur unnið síðastliðin ár um aðstæður erlendra sérfræðinga m.a. í gegnum viðtöl, samanburðargreiningar við önnur lönd, skýrslur og ráðgjöf við stjórnvöld við hönnun og útfærslu *Fjarvinnuleyfis*.¹

Almennt

Eitt það mikilvægasta sem af og til vill gleymast í meðferð stjórnvalda á málefnum innflytjenda er að innflytjendur eru fólk, oft með fjölskyldur, og ef raunverulegt markmið stjórnvalda er að stuðla að búferlaflutningum til landsins verður að nálgast málefnið heildrænt og útfrá þörfum fólksins - kerfið á að þjóna þeim en ekki öfugt. Ef sérfræðingur flytur til lands með fjölskyldu er mikilvægt að fjölskylda viðkomandi geti fótað sig til að auka líkur á að þau ílengist á landinu.

Tillögurnar frá starfshópnum nálgast vandamálið heildrænt, leggja til mikilvægar breytingar sem stuðla að lækkun áhættu fyrir starfskraft (t.d. með því að tengja atvinnuleyfi starfskrafti en ekki vinnuveitenda), auka líkur á að fjölskyldur vilji og geti flutt til landsins (t.d. með því að veita maka sérfræðings atvinnuleyfi), og stuðla að skýrleika og fyrirsjáanleika (t.d. með hraðari afgreiðslutíma og einföldun ferla).

Tillögur

Að mati Northstack eru tillögurnar mjög góðar, en félagið vill þó koma á framfæri nokkrum ábendingum sem gæti gert góðar tillögur enn betri.

- **Tímarammi afgreiðslu taki mið af raunveruleika fólks.** Uppsagnarfrestir víða erlendis eru styttri en á Íslandi, allt niður í tvær vikur eða minna, t.d. í Bandaríkjunum Norður Ameríku. Hafa ætti þann raunveruleika í huga þegar afgreiðslufrestir eru ákvarðaðir, en útfrá þeim sem hyggst flytja til Íslands vegna vinnu getur verið mikil áhætta að segja


¹ [Erlendir sérfræðingar geti unnið í fjarvinnu á Íslandi](#)

starfi sínu lausu (með tveggja vikna fresti) og þurfa svo að biðja í fleiri mánuði eftir svari við hvort atvinnuleyfi sé veitt.

- **Leyfi sjálfstætt starfandi sé víkkað til að ná utan um starfsemi fjárfesta.** Fjárfestar sem sérhæfa sig í sprotafjárfestingum á fyrstu stigum eru mikilvæg nóða í neti nýsköpunar. Skoða ætti hvort möguleiki sé að víkka út leyfi til sjálfstætt starfandi svo það nái utan um fjárfesta sem hyggjast fjárfesta í íslensku hugviti. Lita mætti til sambærilegs leyfis og Frakkland hefur þegar útfært.²
- **Tryggja ætti að hvatakerfi fyrir erlenda sérfræðinga sé uppfært í samræmi við markmið stjórnvalda.** Erlendir sérfræðingar sem flytja til Íslands geta sótt um skattafrádrátt frá tekjum vegna þess. Tryggja ætti að það ferli sé endurskoðað með það að markmiði að sinna vel þeim hópi, að afgreiðsla sé skjót og fyrirsjáanleg, byggð á upplýsingum um markaðinn, og að tímarammi sem sérfræðingar hafa til að sækja um skattafrádrátt samræmist öðrum tímarömmum sem tengjast ferlinu.
- **Ekki má gleyma innviðum fyrir fjölskyldur.** Setja þarf í farveg útfærslu á hvernig hægt sé að mynda samfellu fyrir erlenda sérfræðinga hvað varðar innviði og þjónustu við fjölskyldur. Aðgengi að leikskólum annars vegar, og skólum þar sem nám fer fram á ensku hins vegar, verður að bæta til að flutningar til landsins séu raunhæfur möguleiki fyrir marga. Einangraðar fjölskyldur eru líklegri til að stoppa stutt.
- **Gagnaöflun og greiningar þarf að stórbæta.** Mikið skortir á þegar kemur að opinberum og aðgengilegum gögn um atvinnuleyfi og sérfræðipækkingu og menntunarstig þeirra sem hingað flytja. Til að meta áhrif aðgerða sem þessara, eða hvatakerfis eins og skattaafsláttar, verður að safna gögnum sem hægt er að vinna og greina.
- **Samræma markaðs- og kynningarátak í tengslum við breytt lög.** Stundum notar fólk orðatiltækið “Build it and they will come” – þ.e. búðu eitthvað til og fólknið mætir. Ólíklegt er að það eigi við um atvinnuleyfi, og því mikilvægt að stórgóðum breytingum sé fylgt eftir með kynningu.

Heilt yfir eru tillögurnar vel unnar og mjög mikilvægar. Nýsköpunar og hugvitsdrifin fyrirtæki þurfa ekki eingöngu á meiri mannauð að halda, heldur mun umhverfi nýsköpunar og hugvits á Íslandi þroskast með tilkomu fleiri erlendra sérfræðinga sem taka þátt í uppbyggingu á Íslandi.

Fyrir hönd Northstack ehf.



Kristinn Árni L. Hróbjartsson
Stofnandi og formaður stjórnar

² [Talent Passport: Business Investor - Welcome to France](#)